

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis í Krossaneshaga, reitur IV, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. mars 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin felst m.a. í því að gerð hefur verið breyting á legu gatna við hönnun á og útfærslu og hafa Óðinsnes og Síðubraut verið sameinaðar í eina götu, Óðinsnes. Samhliða breytingum sem af því hljótast er lóð C5-a stækkuð, lóð A7-a minnkuð og gerð ný lóð sunnan húsagötu A7 og sýnd ný innakstursleið frá Hörgárbraut að henni. Húsagata A7 er stytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 4. júlí 2006,*

**Pétur Bolli Jóhannesson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. júlí 2006